

1857.  
11. desbr.

**25. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um bréfburðarkaup fyrir bréf þau, sem koma til Íslands frá útlöndum.<sup>1</sup>**

Í þóknanlegu bréfi 27. maí þ. á. hefir herra stiptamtmaðurinn hreift þeirri spurningu, hvernig fara eigi með bréf þau frá útlöndum, sem ætluð eru til manna á Íslandi, þegar bréfburðarkaupið fyrir þau er ógildið. Eptir að dómsmálastjórnin hefir skrifazt á við póstmálastjórnina hér í Kaupmannahöfn um þetta mál, hefir þótt hentugast, eins og póstferðum nú sem stendur er háttað á Íslandi, að haga þessu á þá leið, að bréf þau, sem póstmálastjórnin sendir til hinna þriggja umdæma á Íslandi, skal senda hlutaðeigandi amtmönnum, og að það verði falið þessum embættismönnum á hendur, að heimta bréfburðarkaupið fyrir þau og gjöra tilhlýðileg skil fyrir því.

Samkvæmt þessu verð eg því að biðja herra stiptamtmaunninn að taka við bréfum þeim, sem póstmálastjórnin í Kaupmannahöfn kynni að senda til manna í umdæmi því, sem yður er trúað fyrir, og koma þeim skilvíslega til þeirra sem við eiga að taka, móti því að þeir gjaldi hið ákvedna bréfburðarkaup, og ber yður þá að gjöra tilhlýðileg skil fyrir því, og senda síðan póstmálastjórninni.

29. desbr. **26. Umburðarbréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannanna á Íslandi, um skýrteini, sem eiga að fylgja bónarbréfum um eptirlaun embættismanna og ekkna þeirra.**

Það hefir ástundum sýnt sig, að bónarbréf frá embættismönnum á Íslandi og ekkjum þeirra um eptirlaun er ábótavant í því, að ekki er þar rétt hermt frá embættistekjunum, eða þá að skýrteini þau vanta, sem eiga að fylgja, en af þessu leiða ónauðsynlegar og tíma eyðandi bréfaskriptir.

1) Sama dag voru bréf líks innihalds skrifuð hinum amtmönnum á Íslandi.